



Eining-Íðja

F É L A G S B L A Ð

1. tölublað • 4. árgangur • Mars 2002

Orlof 2002



Útgefandi:
Eining-Iðja
Skipagötu 14
600 Akureyri
Sími 460 3600
Bréfasími 460 3601



Ábyrgðarmaður: Björn Snæbjörnsson

Umsjón, textagerð og prófarkalestur:
FREMRI kynningarþjónusta

Forsíðumynd: Myndrún
- Rúnar Þór Björnsson

Auglýsingar: Páll Júlíusson,
sími: 566 8262, netfang:
pallij@islandia.is

Prentvinnsla: Ásprent/POB ehf.

Frjálst er að nota efni úr blaðinu,
í heild eða að hluta, þó þannig að
heimildar sé getið.

Skrifstofa Einingar - Iðju á Dalvík:
Ráðhúsinu. Sími: 466 1340
Bréfasími: 466 1041
Opnunartími: kl. 10-14 mánud.,
þriðjud., fimmtud. og föstud. og
kl. 10-16 miðvikudag

Skrifstofa Einingar - Iðju í Ólafsfirði:
Múlavegi 1. Sími: 466 2318
Bréfasími: 466 2681
Opnunartími: kl. 9-13

Efnisyfirlit:

Bráðum kemur betri tíð	4
Orlofshús í Danmörku	4
Vinningshafar í getraun jólablaðs	4
Orlofsmöguleikar 2002	6
Íslandskort með orlofsstöðum 2002	12
Hagnýtar upplýsingar um orlofshús	12
Umsóknareyðublað um orlofshús	13
Punktakerfi notað við úthlutun	15
Stéttarfélagsgjöld	16
Greiðsla á orlofsuppbót	16
Reglur um orlof	18
Hvernig var fríið?	19
Leiðbeiningar fyrir erlenda starfsmenn	20
Nokkrar vegalengdir í kílómetrum	20
Greiðslur úr Sjúkrasjóði og Skattframtalið	21
Hvernig var fríið?	21
Internetið og sumarfríið	23

gorenje

HEIMILISVINIR

Húsið er ávallt köld viðkomu því gorenje otnar eru gerðir
tú að verja börn og umhverfi. - Fyrirgefna, og hunda.

RÖNNING
Borgartúni 24 • Reykjavík • Sími: 562 4011
Óspreti 2 • Akureyri • Sími: 460 9800



Viðbótar lífeyrissparnaður

Hringdu núna í síma

800 8000

Þú gefur upp nafn þitt, kennitölu og heimilisfang. Einnig upplýsingar um launagreiðanda. Við höfum samband aftur. Fyrirhafarlaust fyrir þig.

Góð ávöxtun safna


Séreignardeild Lífeyrissjóðs Norðurlands hefur skilað góðum árangri frá því hún var sett á laggingar í ársbyrjun 1999. Deildinni er skipt upp í tvö söfn; Safn I sem er áhættuminna og Safn II sem hefur herra vægi hlutabréfa og sveiflast meira. Söfnin eru undirsöfn í aðalverðbréfasafni sjóðsins, kostnaður er höflegur og áhætta innan skynsamlegra marka. Nánari upplýsingar í síma 460 4500 eða á heimasíðu sjóðsins:

www.lnord.is

ÍSLENSK VERÐBRÉF

Þvítt og fremst í fjármálum!

Mögulegt er að hafa samband við Íslensk verðbréf hf. og ganga frá séreignarsparnaði, sem ávaxtaður er hjá Séreignardeild Lífeyrissjóðs Norðurlands. Síminn hjá Íslenskum verðbréfum er 460 4700 og heimasíðan www.lv.is.



Svona lítur dæmið út hjá manni sem sparar 4% af 100 þúsund krónum:

Framlag launþega	4%	kr. 4.000,-
Frá launagreiðanda	2%	kr. 2.000,-
Frá ríki	0,4%	kr. 400,-
Samtals í sparnað		kr. 6.400,-

En skattur launþegans lækkar

um kr. 1.550,- eða tæp 40% af framlagi hans

Niðurstaðan er því þessi:

Pegar sparnaðurinn er	kr. 6.400,-
lækka útborguð laun aðeins um	kr. 2.450,-

LÍFEYRISJÓÐUR NORÐURLANDS

Þar sem framtíðin vex!



Viðbótar lífeyrissparnaður

Hringdu núna í síma

800 8000

Þú gefur upp nafn þitt, kennitölu og heimilisfang. Einnig upplýsingar um launagreiðanda. Við höfum samband aftur. Fyrirhafarlaust fyrir þig.



Lífeyrissjóður Norðurlands nýtur mikils trausts

Samkvæmt umfangsmikilli könnun sem Gallup vann fyrir Lífeyrissjóð Norðurlands á síðasta ári nýtur sjóðurinn mikils trausts. Spurt var: „Finnst þér Lífeyrissjóður Norðurlands traustur eða ótraustur aðili?“ Af þeim sem afstöðu tóku töldu **96,1%** sjóðinn traustan aðila sem er afar glæsileg niðurstaða, ekki síst í ljósi þeirra umbrota sem verið hafa á fjármálamörkuðum. Aðeins 10,5% tóku ekki afstöðu til spurningarinnar. Í sömu könnun kom fram að tæpur helmingur allra Norðlendinga, sem eru að byggja upp viðbótar lífeyrissparnað, gerir það hjá Séreignardeild Lífeyrissjóðs Norðurlands.

LÍFEYRISJÓÐUR NORÐURLANDS

Þar sem framtíðin vex!

Bráðum kemur betri tíð

Kæru félagar!

Sú hefð hefur skapast að helga fyrsta félagsblað ársins orlofs- og ferðamála fyrir komandi sumar og hefur þetta fyrirkomulag mæltst einkar vel fyrir. Hér eigið þið á einum stað að geta fundið upplýsingar um þá valkosti sem félagið býður upp á í þessum efn-um, orlofsíbúðir, ferðir ofl., ásamt ýmsum hagnýtum fróðleik.

Á síðasta sumri höfðu félagsmenn val um orlofs-hús og orlofsíbúðir á 15 stöðum á landinu og hefur fjölbreytnin aldrei verið jafn mikil. Jafn margir möguleikar eru í boði á komandi sumri og það er því von orlofsnefndar að allir finni eitthvað við sitt hæfi. Að auki var í samstarfi við STAK tekið á leigu hús í Danmörku og hefur það mæltst afar vel fyrir. Hér í blaðinu er stutt kynning á öllum orlofsstöðum félagsins ásamt mynd af viðkomandi húsi. Ekki er um tæmandi yfirlit um

hvern stað að ræða heldur aðeins helstu punktar sem að gagni kunna að koma. Ýmsum hagnýtum upplýsingum um orlofshúsin hefur verið safnað saman og má finna þær á einum stað í blaðinu, ásamt Íslands-korti þar sem orlofshúsin eru merkt

standa fyrir á komandi sumri. Þegar er kominn biðlisti í ferð um Vestfirði og talsvert búið að skrá í ferð til Grímseyjar fyrir aldraða félagsmenn. Sú ferð verður auglýst nánar síðar. Því miður varð að aflýsa fyrirhugaðri orlofsferð um Mið-Evrópu vegna

ónógrar þátttöku. Þetta eru vissulega vonbrigði en á sér eflaust sínar skýringar. Því verður engin orlofsferð farin á þessu sumri en stefnt á góða ferð að ári liðnu

Líkt og undanfarin ár hafa stéttarfélögin unnið að samningum um hagstæð ferðatilboð innanlands fyrir félagsmenn sína. Þessi tilboð eru kynnt hér í blaðinu, svo sem flugferðir, bíla-leigubílar og gistimöguleikar.

Í blaðinu eru einnig stutt viðtöl við nokkra sem nýttu sér valkosti félagsins í orlofsmálum á liðnu sumri. Að lokum óskum við ykkur ánægju-legrar dvalar og góðrar ferðar í sumar.

Orlofsnefnd og ferðanefnd.



inn. Sérstakt umsóknareyðublað fylgir með sem á að klippa út og senda til félagsins. Umsóknir um sumardvöl í orlofshúsum þurfa að berast félaginu fyrir 10. apríl nk.

Í desemberblaðinu var kynning á þeim ferðum sem ferðanefnd mun

Vinningshafar í getraun jólablaðsins

Í jólablaði Einingar-Íðju var samkvæmt venju efnt til laufléttar getraunar. Spurt var um hvenær heimasíða félagsins á slóðinni www.eining-idja.is hefði verið opnuð. Gefnir voru þrír svarmöguleikar. Réttu svarið var að síðan var opnuð um miðjan október sl. Þrenn verðlaun voru í boði og voru vinningshafar eftirtaldir:

1. vinningur:

Sumarhús að eigin vali sumarið 2002

Svandís Geirsdóttir, Hamarsstíg 16, Akureyri

2. vinningur:

Matarkarfa frá Nettó kr. 10.000

Fjóla Rósantsdóttir, Lyngholti 12, Akureyri

3. vinningur:

Matarkarfa frá Nettó kr. 5.000

Ásrún Ásgeirsdóttir, Arnarsíðu 2c, Akureyri

354 félagsmenn tóku þátt í getrauninni.

Orlofshús í Danmörku

Eining-Íðja og STAK ákváðu að sameinast um að taka á leigu hús í Danmörku sem leigt er áfram til félagsmanna. Umsóknarfrestur var til 13. febrúar sl. og sýndu viðbrögðin að félagsmenn Einingar-Íðju og STAK tóku þessu framtaki fagnandi. Verðið er líka sérlega hagstætt en vikuleiga er 18.000 krónur.

Leigutímabilið sem er til úthlutunar nú er 27. maí til 2. september og er boðið upp á vikuleigu frá mánudegi til mánudags. Tvær vikur eru enn lausar á þessum tíma, 17.-24. júní og 29. júlí til 5. ágúst. Einnig er möguleiki að útvega leigu á húsinu fyrir utan þetta tímabil.

Húsið sem um ræðir stendur við Nessvej 53b í Vemb, við Nissumfjörð

á vesturströnd Jótlands. Það er 90 fermetrar að stærð og í því eru tvö svefnherbergi með rúmum fyrir fjóra. Einnig fylgja fimm lausar dýnur. Allur venjulegur búnaður er í húsinu og borðbúnaður fyrir átta manns. Rúmföt er hægt að leigja sérstaklega eða taka með sér.



Orlofshús í Danmörku er nýjung hjá Einingu-Íðju og hér má sjá mynd af húsinu sem um ræðir.



**VIÐ LÁTUM ÞIG VITA
ÞEGAR ÞÚ VINNUR!**

GOIT FOLK AFGANGI-REKSON - SÍA



Þú getur fengið tölvupóst, SMS eða símtal.

Hafðu samband við umboð HHÍ á Akureyri í síma 461 2345.



**HAPPDRAETTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS**
vænlegast til vinnings

Orlofsmöguleikar 2002

Félögum í Einingu-Iðju hefur aldrei staðið til boða jafn fjölbreyttir valkostir í orlofsmálum og á komandi sumri. Orlofshús og orlofsíbúðir eru á 16 stöðum

á landinu, í öllum landshlutum, og því ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Hér á eftir fylgir umfjöllun um hvern og einn þessara staða ásamt mynd.

Einarsstaðir á Héraði

Í orlofshúsahverfinu við Einarsstaði á Héraði hefur Eining-Iðja þrjú nýuppgerð hús til umráða. Einarsstaðir hafa til margra ára verið einn eftirsóttasti sumardvalarstaður félagsins enda staðsetningin ákjósanleg fyrir margra hluta sakir. Veðursæld Fljótsdalshéraðs er auðvitað víðfræg, stutt er í verslun og þjónustu á Egilsstöðum og margar helstu náttúruperlur landsins eru innan seilingar.

Húsin eru öll af sömu gerð með svefnplássi fyrir 6 manns. Þjónustumiðstöð er á Úlfstöðum þar sem lykklar að húsunum eru afhentir.



Egilsstaðir

Í fjölbýlishúsi við Útgarð 6 á Egilsstöðum á Eining-Iðja orlofsíbúð sem nýtur mikilla vinsælda. Egilsstaðir eru höfuðstaður Austurlands og þar er öll þjónusta, sem ferðafólk getur óskað sér, við höndina. Staðurinn er mjög miðsvæðis og hægur vandi að fara í lengri og styttri ferðir um allt Austurland, nú eða liggja sem fastast og njóta austfirsku veðurbliðunnar, t.d. í nýrri og glæsilegri sundlaug Egilsstaðabúa en hana ættu allir að heimsækja.

Íbúðin er þriggja herbergja og henni fylgja öll helstu heimilistæki. Hún er á neðstu hæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi og við hana er rúmgóður sólþallur með skjólveggjum. Lyklar eru afhentir á skrifstofu Einingar-Iðju, Skipagötu 14 á Akureyri.



Illugastaðir í Fnjóskadal

Eining-Iðja á samtals 13 hús í orlofsbyggðinni á Illugastöðum í Fnjóskadal en nokkur þeirra eru leigð út í skiptum fyrir orlofs-hús annars staðar á landinu. Illugastaðir njóta stöðugra vinsælda enda óþarfi að aka um langan veg til að komast í frið.

Fnjóskadalur er sannkölluð paradís allra náttúruunnenda og býður upp á ótal möguleika til skemmtilegra gönguferða, jafnt sumar

sem vetur. Efri hluti dalsins er farinn í eyði og þangað er kjörið að fara til að njóta kyrrðar og friðar og anda að sér tæru fjallalofti.

Húsín eru nýuppgerð með svefnpláss fyrir 6 manns. Af aðstöðunni á Illugastöðum má t.d. nefna sundlaug, heitan pott, gufubað og litla verslun. Að sjálfsögðu eru leiktæki fyrir börnin. Lyklar eru afhentir í þjónustumiðstöðinni.



Tjarnargerði í Eyjafjarðarsveit

Við Tjarnargerði í Eyjafjarðarsveit á Eining-Iðja orlofshús í félagi við Bílstjóræfélag Akureyrar og Vörubílstjóræfélagið Val. Húsið er einungis fjögurra ára, vel búið og allt hið glæsilegasta.

Staðsetningin er kjörin fyrir þá sem kjósa að komast í kyrrð og frið án þess að þurfa að aka um langan veg en fram í Tjarnargerði er aðeins um hálf tíma akst-



ur frá Akureyri. Eins og margir þekkja er náttúruvegurð mikil á þessum slóðum, örstutt í Leyningshóla og fleiri náttúruperlur. Óhætt er að fullyrða að óvída er betra að fara til að slappa af og hlaða batteríin, eins og gjarnan er sagt.

Í húsinu er svefnpláss fyrir 9 manns og eru lyklar afhentir á skrifstofu Einingar-Iðju, Skipagötu 14 á Akureyri.

Garðshorn í Ölfusi



Sumarbústaðurinn Garðshorn er í landi Bakka II í Ölfusi. Hann er um 6 km frá Hveragerði á leiðinni til Þorlákshafnar og stendur um 100 m frá þjóðveginum.

Ekki er um orlofshúsa hverfi að ræða og því hægt að fá meira næði en víða annars staðar. Örstutt er í alla þjónustu í Hveragerði og þá er heldur ekki langt að renna í höfuðborgina.

Margt er að sjá og skoða í nágrenninu og má t.d. benda á manngenga hella uppi í hlíðinni fyrir ofan bústaðinn. Þaðan er einnig mjög víðsýnt um Suðurlandsundirlendið.

Í bústaðnum eru tvö svefnherbergi og svefnpláss fyrir 6-8 manns. Lyklar eru afhentir á skrifstofu Einingar-Iðju, Skipagötu 14 á Akureyri.

Brekkuskógur í Biskupstungum

Það er ekki að ástæðulausu að Biskupstungurnar eru vinsælasta sumarhúsasvæði landsins.

Þarna er öll aðstaða fyrir gesti eins og best gerist, margt að skoða í nágrenninu og stutt í þéttbýlið á Selfossi þar sem öll þjónusta er fyrir hendi.

Í orlofshúsahverfinu er líka þjónustumiðstöð þar sem umsjónarmaður er með aðsetur og afhendir lykla að húsum. Í þjónustumiðstöðinni er einnig sjón-

varp, myndbandstæki, sími, bókasafn, spil og salur til sameiginlegra nota fyrir gesti. Einnig baðhús með gufuböðum, heitum pottum og sturtum. Lítil leikvöllur er á svæðinu og aðstaða til að spila míníggolf.

Húsin sem Eining-Íðja hefur til umráða eru ný-uppgerð og við þau eru m.a. verönd með heitum potti.



Reykjavík



Eining-Íðja á þrjár orlofsíbúðir við Ljósheima í Reykjavík, sína í hverju fjölbýlishúsinu.

Tvær eru fjögurra herbergja og ein þriggja herbergja. Þær njóta mikilla vinsælda jafnt sumar sem vetur enda gefst með dvöl í þeim kostur á að njóta allra lystisemda höfuðborgarinnar. Ljósheimar

eru mjög miðsvæðis í borginni, t.d. er stutt í Kringluna og verslunarmiðstöðin Glæsibær er nánast við útidyrnar.

Íbúðirnar eru búnar öllum helstu heimilistækjum. Í öllum íbúðunum er svefnpláss fyrir 6 manns. Lyklar eru afhentir á skrifstofu Einingar-Íðju, Skipagötu 14 á Akureyri.

Flókalundur í Vatnsfirði

Flókalundur í Vatnsfirði hefur um árabil verið meðal vinsælustu sumardvalarstaða landsins. Barðaströndin er á „suðurströnd“ Vestfjarðakjálkans og þar er mjög veður-sælt, gróðursælt og skjólgott.

Fjölmargir áhugaverðir staðir eru í nágrenninu, svo sem Látrabjarg og Rauðisandur, og óteljandi tækifæri til náttúruskoðunar. Vatnsfjörður er líka merki- legur fyrir þær sakir að þar



er talið að Hrafna-Flóki hafi dvalið er hann gaf Íslandi nafn og hafi hann þá gengið upp á fjallið Lónfell.

Í Flókalundi er þjónustumiðstöð með verslun og veitingastað. Einnig er þar nýbyggð sundlaug. Vert er að benda á áhugaverðan valkost sem er að nota Breiðafjarðarferjuna Baldur a.m.k. aðra leiðina. Hún gengur milli Stykkishólms og Brjánslækjar í Vatnsfirði með viðkomu í Flatey.

Svignaskarð í Borgarfirði

Borgarfjörður er vinsæll sumarleyfisstaður og þar hafa byggst upp stór orlofshúsahverfi á vegum hinna ýmsu stéttarféлага og landssambanda. Eitt þessara orlofshúsahverfa er Svignaskarð.

Húsin eru vel búin og með heitum pottum og svefnpláss er fyrir 6 manns. Þjónustumiðstöð

er á svæðinu og þar hafa dvalargestir aðgang að böðum og gufubaði. Leiktæki fyrir börn eru víða um svæðið, tveir sparkvöllir eru í hverfinu og mínigolfvöllur.

Margar skemmtilegar gönguleiðir liggja frá orlofshúsunum og stutt er í frábærar sundlaugar, t.d. í Borgarnesi og Varmalandi.



Munaðarnes/Stóruskógar í Borgarfirði

Munaðarnes og Stóruskógar eru tvö orlofshúsahverfi í miðjum Borgarfirði, sitt hvoru megin þjóðvegarsins. Örskammt er á milli hverfanna og þjónustumiðstöðin í Munaðarnesi er sameiginleg fyrir þau bæði þannig að hverfin eru talin hér saman. Í þjónustumiðstöðinni er m.a. veitingasalur og verslun.

Afþreyingarmöguleikar eru mjög fjölbreyttir ef dvalið er í Borgarfirði.

Veðursæld er mikil og frá orlofshverfunum er val um fjölmargar skemmtilegar



gönguleiðir, t.d. upp með hinni frægu Norðurá.

Þá er heldur ekki langt

að aka í Borgarnes, en þar er m.a. ein glæsilegasta sundlaug landsins.



Klifabotn í Lóni



Klifabotn í Lóni hefur reynst vinsæll valkostur hjá félögum í Einingu-Iðju. Orlofshúsahverfið er við Strandaháls í Bæjarhreppi, skammt austan við Laxá í Lóni.

Húsið er rúmgott og vel búið og leikvöllur fyrir börnin er í hverfinu. Lyklar eru afhentir á bænum Hvammi,

4 km frá bústaðnum. Á svæðinu er enn fremur sameiginleg gufubaðsstofa.

Staðsetning bústaðarins er mjög skemmtileg og býður umhverfið upp á ótal útivistarmöguleika, hvort heldur fólk vill fara akandi eða á tveimur jafnfljótum. Umhverfið er ægífagurt og t.d. stutt í hin frægu Lónsöræfi.

Súðavík

Eining-Iðja er áfram með íbúð á leigu á Súðavík sem valkost í orlofsmálum. Íbúðin er á efri hæð í tvílyftu húsi við Túngötu 20, er nýstandsett og öll hin glæsilegasta.

Dvöl á Súðavík er kjörin fyrir þá sem hafa hug á að skoða sig um á Vestfjörð-

um. Staðsetningin er miðsvæðis og eru flestar vegalengdir hóflegar, t.d. er stutt til Ísafjarðarkaupstaðar og nýju göngin gera það mun auðveldara en áður að skoða syðri hluta Vestfjarðakjálkans.



Snorrastaðir í Kolbeinsstaðahreppi

Á Snorrastöðum í Kolbeinsstaðahreppi er lítið orlofshúsaðverfi um 1 km frá Þjóðveginum. Þar hefur Eining-Iðja tekið hús á leigu og er hér um áhuga-verðan valkost að ræða. Kolbeinsstaðahreppur tilheyrir Snæfellsnesi en er þó alveg við Mýrarnar. Munu skiptin miðast við Hítará.

Mýrarnar eru afar sérstakar í náttúrufarslegu tiliti og enginn ætti t.d. að



sleppa því að skoða Löngufjörur. Í góðu veðri er engu líkara en fólk sé statt á sólarströnd þar sem hvítar sandbreiðurnar teygja sig svo langt sem augað eygir. Eldgígurinn Eldborg er annað sérstætt náttúrufyrirbæri á þessum slóðum og hringferð um Snæfellsnes svíkur engan. Einnig er hægt að kaupa veiðileyfi á staðnum og komast á hestbak. Um 38 km eru í Borgarnes.

Mjúkaból við Flúðir



Í landi Ásatúns um 5 km suðvestan við Flúðir er Eining-Iðja með bústað á leigu og nefnist hann Mjúkaból. Húsið er nýbyggt, um 50 fermetrar með tveimur svefnherbergjum og við það er heitur pottur. Það stendur utan í hlíð og úr því er afar fallegt útsýni um uppsveitir Árnessýslu.

Fyrir þá sem hafa hug á að skoða sig um á Suðurlandi er óvíða betra að vera en á Flúðum. Staðurinn er miðsvæðis og þaðan eru greiðar leiðir til allra átta. Á Flúðum stendur ferðafólki fjölbreytt þjónusta til boða og margvísleg afþreying. Á staðnum er m.a. sundlaug, golfvöllur, veitingasala, verslun o.m.fl.

Úthlíð í Biskupstungum

Nýjasti valkostur félagsmanna í orlofsmálum er sumarhús sem tekið hefur verið á leigu í Úthlíð í Biskupstungum.

Þetta er á sama svæði og Brekkuskógur og því gildir hér það sama og sagt var þar. Bústaðurinn er byggður árið 1983 og er með húsbúnaði fyrir sex manns.

Að auki er svefnloft með þremur dýnum og pláss fyrir fleiri. Af helsta búnaði má nefna sjónvarp, útvarp, ísskáp, eldavél með ofni, kolagrill og sólhúsgögn.

Nauðsynlegt er að hafa með sér handklæði, sápu og sængurföt. Heitur pottur er fyrir utan bústaðinn og leiksvæði þar við hliðina.



Tjaldvagn

Félagið hefur ákveðið að vera ekki með tjaldvagna til leigu í ár. Þess í stað verði ákveðinni upphæð

varið til niðurgreiðslu leigu á tjaldvögnum og/eða fellihýsum.

Þeir félagsmenn sem áhuga hafa á að leigja slík tæki í sumar geta sótt um styrk frá félaginu til þess. Umsókn um slíkan styrk þarf að berast félaginu fyrir 20. apríl og verður



þeim úthlutað skv. sömu reglum og orlofshúsunum, þ.e.a.s. ef fleiri sækja um en geta fengið þá sitja þeir fyrir sem hafa flesta orlofspunkta. Fyrir hvern styrk verða dregnir frá jafn margir punktar og um leigu á orlofshúsi væri að ræða. Hver styrkur er 10.000 krónur. Eftir úthlutun styrkjanna fá þeir sem þá hljóta skriflegt styrkloforð

sem þeir framvísa síðan ásamt kvittun fyrir greiðslu leigunnar.

Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofunni á Akureyri og er nægjanlegt að hringja í síma 460-3600, til að sækja um styrk. Með þessu vonast félagið til að koma enn betur en áður til móts við óskir félagsmanna sem vilja nýta sér þennan ferðamáta.

FISKVINNSLUFÓLK - FISKVERKENDUR

Mennt er máttur

Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar býður upp á grunnnámskeið fyrir fiskverkafólk og starfsmenn fiskimjölsverksmiðja.

Um er að ræða 40 klst. námskeið um meðferð hráefnis, hreinlæti og gerlagróður, innra eftirlit, vinnslurásir og verkunaraðferðir, markaðsmál, vinnuvistfræði, öryggismál, kjaramál og mannleg samskipti.

Námskeiðið færir starfsmanni launahækkun og starfsheitið sérhæfður fiskvinnslumaður.

Hafðu samband og kynntu þér málið.

Hafðu samband ef þú ert í fræðsluhugleiðingum



**Starfsfræðslunefnd
Fiskvinnslunnar**

Sjávarútvegsráðuneytinu Skúlagötu 4 150 Reykjavík
Sími 560 9670 Fax 562 1853 netfang hilda@hafro.is

Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið. Hlutverk hennar er að skipuleggja fræðslustarfsemi fyrir starfsfólk í fiskiðnaði. Nefndin er skipuð fulltrúum frá ráðuneytinu, Starfsgreinasambandi Íslands og samtökum atvinnurekenda.

Orlofsstaðir Einingar-Íðju 2002



Eining - Íðja

Ýmsar hagnýtar upplýsingar um orlofshúsnæði félagsins 2002.

	Stærð	Sveigj.	Bæturúm	Sængur	Lín	Handhæði	Kúlar	Stúfa	Ísskápur	Eldavél	Örn aðn	Bandún.	Gill	Útvarp	Sjónvarp	H. pottur	Skjöld.
Illugastaðir	45	8	umsjónm.	8	*	nei	já	já	já	já	já	8	já	já	já	***	Væstuf.
Einarssstaðir	45	8	umsjónm.	8	*	já	já	já	já	já	já	10	já	já	já	nei	Væstuf.
Flókalundur, Væstirnið	40	5	nei	6	nei	nei	já	já	já	já	já	8	já	já	já	nei	Væstuf.
Tjarnargerði	81	9	nei	9	nei	nei	já	já	já	já	nei	8 12	já	já	já	nei	Væstuf.
Svignaskarð	36	6	umsjónm.	6	nei	nei	já	já	já	já	nei	8	já	já	já	já	Væstuf.
Útgardur 6, Egilsst.	81	6	nei	6	já	nei	já	já	já	já	nei	8 12	já	já	já	nei	Væstuf.
Úpshólmur 12a, Rvík	96	6	já	6	já	nei	já	já	já	já	nei	8 12	nei	já	já	nei	miðv.d.
Úpshólmur 14a, Rvík	82	6	já	6	já	nei	já	já	já	já	nei	8 12	nei	já	já	nei	miðv.d.

Leigu- og skiptibústaðir

Einarssstaðir	45	8	umsjónm.	8	*	*	já	já	já	já	já	10	já	já	já	nei	Væstuf.
Garðshorn	44	5 +	nei	6	já	já	já	já	já	já	já	8	já	já	já	nei	Væstuf.
Munaðarnes/Svignaskarð	52	6	umsjónm.	6	já	nei	já	já	já	já	nei	8	já	já	já	nei	Væstuf.
Klifabotn	50	6	já	8	nei	nei	nei	já	já	já	já	12	já	já	já	nei	Væstuf.
Snorrastaðir	45	6	umsjónm.	6	*	nei	já	já	já	já	nei	6	já	já	nei	nei	Væstuf.
Suðavík	90	6	nei	6	já	nei	já	já	já	já	nei	6 10	já	já	já	nei	Væstuf.
Brekuskógur	46	6	já	6	*	*	já	já	já	já	nei	6 10	já	já	nei	já	Væstuf.
Mjölbaði w/Flúðir	50	4 +	já	6	nei	nei	já	já	já	já	nei	10 12	já	já	já	já	Væstuf.
Úthlíð, Biskupsfjallum	45	6 +	já	6	nei	nei	nei	já	já	já	nei	6	já	já	já	já	Væstuf.

* Fæst gegn gjaldi hjá umsjónarmanni.

Verð A gildir frá 14. júní til 30. ágúst

** Hellur án ofns.

Verð B gildir frá 31. maí til 14. júní og frá 30. ágúst til 13. sept.

*** Heitur pottur við sundlaug.

Verð íbúða í Rvík og Egilsstöðum er 13.000,- vikan.

+ Svefn loft

EINING-ÍÐJA

Umsókn um orlofsbústað sumarið 2002

EINING-ÍÐJA

Umsækjandi: _____

Kennitala: _____

Heimili: _____

Póstfang: _____

Vinnustaður: _____

H.sími: _____

Vinnusími: _____

Hér fyrir neðan er gefinn kostur á að sækja um eina viku með allt að sex valmöguleikum fyrir stað og tímabil. Merkið með tölunni 1 sem fyrsta valkost en 2, 3, o.s.frv. til vara.

Athugið að þið getið ekki sotti um þær vikur sem eru skyggðar.

Vikunúmer

Fjöldi húsa

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15
31.mai 6l	7.jún 6l	14.jún 6l	21.jún 6l	28.jún 6l	5.júl 6l	12.júl 6l	19.júl 6l	26.júl 6l	2 ágú 6l	9 ágú 6l	16 ágú 6l	23 ágú 6l	30 ágú 6l	6.sep 6l
7.jún 6l	14.jún 6l	21.jún 6l	28.jún 6l	5.júl 6l	12.júl 6l	19.júl 6l	26.júl 6l	2 ágú 6l	9 ágú 6l	16 ágú 6l	23 ágú 6l	30 ágú 6l	6.sep 6l	13.sep 6l

Landssvæði

Klifa botn í Lóni A3

Garðshorn S2

Brekkuskógur S5

Einarstaðir A1

Egilsstaðir A2

Illugastæðir N1

Tjarnargreiði N2

Vatnsfjörður V1

Svínaskarð V2

Munaðarnes/Stóruskógar V3

Snorrastaðir V5

Súðavík V6

Mjúkaból við lúðir S6

Úthlíð Biskupst. S7

Reykjavík

2

SV


Punktafrádráttur

24	24	36	36	36	36	36	36	36	36	36	36	36	24	24
----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----

Vikuverð í húsum með potti er kr. 13.000 nema tímabilin 31. maí -14. júní og 30. ág. - 13. sept. en þá er vikan leigð á 11.000
 Vikuverð í húsum án potts er kr. 12.000 nema tímabilin 31. maí -14. júní og 30. ág. - 13. sept. en þá er vikan leigð á 10.000
 Vikuverð í íbúðunum í Reykjavík og á Egilsstöðum er kr. 13.000

Síðasti skiladagur umsókna er 10. apríl 2002

Eining-löja Skipagötu 14 600 Akureyri



Umsóknir um orlofshús að jafnaði mun fleiri en hægt er að verða við:

Punktakerfi notað við úthlutun

Þótt reynt sé eftir megni að fjölga valkostum í orlofsmálum frá ári til árs vantar nokkuð á að hægt sé að fullnægja eftirspurninni. Því er mikilvægt að hafa sanngjarnar reglur til að fara eftir við úthlutun.

Í þessum tilgangi hefur verið próað sérstakt punktakerfi sem þykir hafa gefið mjög góða raun.

Kerfið er þannig byggt upp að hver félagsmaður vinnur sér inn einn punkt fyrir hvern mánuð sem hann greiðir til félagsins. Engu máli

skiptir hversu háa upphæð félagsmaðurinn greiðir í hverjum mánuði. Þeir sem síðan hafa safnað flestum punktum samkvæmt kerfinu ganga fyrir ef mjög mikil ásókn er í orlofshús. Við úthlutun dregst svo ákveðinn punktafjöldi frá.



Punktakerfið er þannig byggt upp að hver félagsmaður vinnur sér inn einn punkt fyrir hvern mánuð sem hann greiðir til félagsins.

SJÓVÁLMENNAR

Strandgötu 3
600 Akureyri
Sími 460 6464

**MEÐ G-VÖRUM
TÖURU ÞÚ NOTIÐ ÞESSU BESTA
ALLS ÍTADAR**

G-mjólk
G-vörur

MS
MILK & SWEETENERS

Alfr villu gæta með þessu henta í mat og drykk.
Hvert sem iðinn liggur þess regna eru G-vörur áskotun.

NETTÓ
Kemur á óvart!

Verið dugleg að nýta ykkur stéttarfélagshafgjöldin

Félagsmenn stéttarfélaganna njóta verulegs afsláttar frá venjulegum flugfargjöldum innanlands samkvæmt samningi Ferðanefndar stéttarfélaganna og Flugfélags Íslands. Samningurinn er óbreyttur frá fyrra ári þannig að verið er hið sama og gilti í byrjun síðasta árs. Bókanir og allar nánari upplýsingar eru á sölustöðum Flugfélagsins.

„Ég vil gjarnan benda félagsmönnum Einingar-Íðu á að vera duglegri að nýta sér stéttarfélagshafgjöldin, en notkunin hefur satt best að segja verið allt of lítil. Við erum að horfa á verulega lægri upphæðir en fólk þarf að greiða fyrir fullt fargjald og nauðsynlegt að fólk noti þetta svo grundvöllur verið fyrir áframhaldandi samningi,“ segir Halldór Grönnvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ.



Samkvæmt samningi Ferðanefndar stéttarfélaganna og Flugfélags Íslands njóta félagsmenn stéttarfélaganna verulegs afsláttar frá venjulegum flugfargjöldum innanlands.

Gildir fyrir alla fjölskylduna

Svo dæmi sé tekið kostar flugfar báðar leiðir á milli Akureyrar og Reykjavíkur 9.830 krónur samkvæmt samningnum en hann gildir ekki eingöngu fyrir félagsmenn aðildarfélaganna heldur einnig fyrir börn þeirra og sambýlisfólk. Samkvæmt samningnum verður fjölskyldufólki veittur

sérstakur afsláttur fyrir börn og borga þau hálf barnafargjald ef tveir fullorðnir ferðast saman á stéttarfélagshafgjaldi og eru með barn.

Farþegi verður að færa sönnur á að hann sé félagsmaður í aðildarfélagi. Það getur hann gert á þrjá vegu: Framvísað félagsskírteini í aðildarfélagi, framvísað annarri viðurkenndri

hafa jafnframt ákveðið að þróa pakkaferðir sem byggja á flugi með Flugfélagi Íslands og gistingu í orlofshúsum og orlofsíbúðum stéttarfélaganna ásamt annarri þjónustu sem við á í hvert skipti t.d. bílaleigubílar.

Gisting og bílaleigubílar

Nokkrum ferðapjónustuaðilum og hótélum var að þessu sinni boðið að gera tilboð í gistingu fyrir aðila í ferðanefnd stéttarfélaganna. Niðurstaðan sýnir að samningsmöguleikar stéttarfélaganna og samtaka þeirra liggja fyrst og fremst í því að skuldbinda sig með kaupum á einhvers konar gistimiðum en það er ekki á færi Ferðanefndarinnar.

Nokkrum bílaleigum var einnig boðið að gera tilboð vegna bílaleigubíla og búrúst tilboð frá fjórum bílaleigum, þ.e. Bílaleigu Akureyrar, Herz, Avis og Hótel Atlantis. Hjá síðasttöldu leigunni er tilboðið tengt gistingu. Svo dæmi sé tekið af Bílaleigu Akureyrar þá er daggjald á bíl í ódýrasta flokki 4.500 krónur yfir sumarleyfistímann en nokkru lægra fram til 15. júní. Þrír sólarhringar með inniföldum 200 km akstri kosta 14.580 kr. og þannig má áfram telja.

staðfestingu á að hann sé félagi eða framvísað launaseðli þar sem fram kemur að hann greiði félagsgjöld til viðkomandi félags. Heimilt er að krefja farþega um persónuskilríki við brottför.

Flug og gisting í orlofshúsum/íbúðum

Flugfélag Íslands og stéttarfélagin

Reglur um greiðslu á orlofsuppbót

Samkvæmt kjarasamningnum skal starfsfólk, sem hefur áunnið sér fullan orlofsrétt með starfi hjá sama vinnuveitanda næstliðið orlofsár og er í starfi í síðustu viku apríl eða í fyrstu viku maí, fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót. Hana skal greiða þegar fólk byrjar að taka orlof sitt en eigi síðar en 15. ágúst.

Láti starfsmaður af störfum vegna aldurs eða eftir 12 vikna samfellt

starf á orlofsárinu, skal hann við starfslok fá greidda orlofsuppbót vegna áunnins tíma m.v. starfshlutfall og starfstíma. Sama gildir þótt starfsmaður sé frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu vinnuveitanda lýkur eða vegna fæðingarorlofs.

Mismunandi eftir samningum

Upphæð orlofsuppbótar er mis-

munandi eftir kjarasamningum. Í almennum samningum Starfsgreinasambandsins og Samtaka atvinnulífsins er hún 20.300 krónur og einnig í samningum við ríkið.

Í samningum við sveitarfélögin er orlofsuppbótin hins vegar 9.900 krónur. Þessar tölur miðast við fullt starf og breytast síðan í samræmi við starfshlutfall og starfstíma.

Eining-Iðja þakkar eftirtöldum aðilum fyrir veittan stuðning



Sparisjóður Höfðhverfinga



Akureyri



Sparisjóður Svarfdæla-Dalvík
Hrísey • Árskógströnd • www.spar.is.dalvik

Dalvíkurbyggð

Ráðhúsinu, 620 Dalvík.

www.dalvik.is



SAMHERJI HF

www.samherji.is

PENNINN BÓKVAL

Hafnarstræti 91 - 93 • Sími 461 5050 • Fax 461 5051

www.penninn.is

Blómabúðin
AKUR

KAUFMAGI V. MYNARMAGI 402 AKUREYRI
SÍMAR 24880 & 24838 PÓSTHÓLF 436



NORÐURMJÓLK
www.kea.is



BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS



SPARISJÓÐUR ÓLAFSFIJÐAR

Aðalgötu 14 • 625 Ólafsfjörður • Sími: 460-2700 • Fax: 460-2701



HERRAÐEILD

HRÍSEYJARHREPPUR

RÁÐHÚSINU • SÍMI 466 1762 • FAX 466 1790 • NETFANG: hrisey@il.is

www.http://hrisey.vefurinn.is



Flytjandi

- á rétttri leið

www.flytjandi.is

Tindafell hf

Frostagötu 1a, 603 Akureyri

Sími: 462 6619



www.kjarnafaedi.is



SJÁLFSBJÖRG

Akureyri



www.byko.is



Daltré ehf.

Grundargata 9, 620 Dalvík
Sími: 466 1199



AKUREYRARBÆR

Geislagata 9 - 600 Akureyri

Sími 460 1000 - Fax 460 1001

www.akureyri.is



GRÝTUBAKKAHREPPUR



Jarðverk ehf

Mýrarvegi 2

620 Dalvík

Sími: 466 1410



Atvinnuþróunarfélag

Eyjafjarðar

www.afe.is

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Air Iceland



VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF

— þar sem tryggingar snúast um fólk.

Gledilegt sumár á okkar ábyrgð!



VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF

— þar sem tryggingar snúast um fólk.

Reglur um orlof

Hér á eftir fara helstu reglur um orlof, annars vegar samkvæmt samningum við Samtök atvinnulífsins og hins vegar samkvæmt samningum við sveitarfélögin.

Aðalkjarasamningur við Samtök atvinnulífsins

1. Lágmarksorlof skal vera 24 virkir dagar. Orlofslaun skulu vera 10,17% af öllu kaupi, hvort sem er fyrir dagvinnu eða yfirvinnu.

2. Verkaþólk sem unnið hefur í 5 ár hjá sama fyrirtæki skal eiga rétt á orlofi í 25 virka daga og orlofslaunum sem nema 10,64%. Með sama hætti öðlast verkaþólk sem unnið hefur 10 ár hjá sama fyrirtæki 28 daga orlofsrétt og 12,07% orlofslaun. Starfsmaður, sem öðlast hefur 28 daga orlofsrétt eftir 10 ára starf hjá fyrri vinnuveitanda, fær hann að nýju eftir þrjú ár hjá öðrum vinnuveitanda, enda hafi rétturinn verið sannreynður. Orlofsréttur reiknast frá upphafi næsta orlofsárs eftir að ofangreindum starfstíma er náð.

3. Sumarorlof er 4 vikur, eða 20 virkir dagar, sem veita ber á tímabilinu 2. maí til 30. september. Orlof umfram það má veita utan þessa tímabils og ákvarðast með minnst eins mánaðar fyrirvara. Þeir sem að ósk atvinnurekanda fá ekki 20 orlofsdaga á sumarorlofstímabili eiga rétt á 25% álagi á þá daga sem á vantar.

4. Stéttarfélögum er heimilt að semja um þá framkvæmd við einstaka launagreiðendur að orlofslaun séu jafnharðan greidd á sérstaka orlofsreikninga launþega í banka eða sparisjóði. Skal í slíkum samningi tryggt að sá aðili sem tekur að sér vörslu orlofslauna greiði launþega þau við upphaf orlofstöku.



Veikist launþegi hér innanlands í orlofi það alvarlega að hann geti ekki notið orlofsins, skal hann tilkynna vinnuveitanda það á fyrsta degi, t.d. með símskeyti, og hjá hvaða lækni hann hyggst fá læknisvottorð. Fullnægi hann tilkynningunni og standi veikindi lengur samfelld en þrjá sólarhringa, á launþegi rétt á uppbótarorlofi í jafn langan tíma og veikindin sannarlega vörðu. Vinnuveitandi á rétt á að láta lækni vitja launþega sem veikst hefur í orlofi. Uppbótarorlof skal eftir því sem kostur er veitt á tímabilinu 1. maí til 15. september nema sérstaklega standi á.



Samningur við sveitarfélögin

1. Lágmarksorlof skal vera 24 virkir dagar eða 192 vinnuskyldustundir miðað við fullt ársstarf. Orlofslaun skulu vera 10,17% af öllu kaupi, hvort sem er fyrir dagvinnu eða yfirvinnu.

2. Starfsmaður sem náð hefur 30 ára aldri á því almanaksári sem tímabil sumarorlofs tilheyrir, fær að auki sem svarar til 24 vinnuskyldustunda eða 3 daga í dagvinnu. Við 40 ára aldur fær hann enn að auki orlof sem svarar til 24 vinnuskyldustunda eða 3 daga í dagvinnu.

3. Starfsmaður skal fá 10,17% orlofsfé á yfirvinnu og álagsgreiðslur. Við 30 ára aldur skal hann fá 11,59% og við 40 ára aldur skal hann fá 13,04% orlofsfé. Taki starfsmaður laun eftir tímakaupi í dagvinnu greiðist orlofsfé einnig á dagkaupið. Starfsmaður á föstum mánaðarlaunum fær greidd dagvinnulaun í orlofi miðað við meðaltal starfshlutfalls á orlofsárinu. Á vaktá-

lag starfsmanna í fastri reglubundinni vaktavinnu reiknast ekki orlofsfé. Í þess stað skulu starfsmenn haldavaktaálagsgreiðslum í sumarorlofi. Greiðslu vaktálags skal miða við meðaltal síðustu 12 mánaða fyrir upphaf nýs orlofsárs. Vaktaálag er ekki greitt í helgidagafríi þótt það sé tekið í beinu framhaldi af sumarorlofi. Heimilt er stofnunum og stéttarfélögum að semja um aðra tilhögun þessara greiðslna og greiðist þá ekki orlofsfé á vaktálag.

4. Við niðurröðun orlofs skal að því stefnt að það byrji og endi á reglu-

legu fríi, nema samkomulag sé um annað. Fyrirsvarsmaður stofnunar ákveður í samráði við starfsmann hvenær orlof skuli tekið. Hann skal verða við óskum starfsmanns um hvenær orlof skuli tekið að svo miklu leyti sem unnt er vegna starfseminnar. Að lokinni könnun á vilja starfsmanna, skal hann tilkynna svo fljótt sem unnt er og í síðasta lagi 30. apríl hvenær orlof skuli hefjast, nema að sérstakar ástæðu komi í veg fyrir það.

5. Þeir starfsmenn, sem samkvæmt ósk vinnuveitanda fá ekki fullt orlof á tímabili sumarorlofs, 15. maí til 30. september, skulu fá 33% lengingu á þeim hluta orlofstímans sem veittur er utan ofangreinds tíma.

6. Veikist starfsmaður í orlofi, telst sá tími sem veikindum nemur ekki til orlofs, enda sanni starfsmaður með læknisvottorði að hann geti ekki notið orlofs.

Hvernig var fríð?

Rigndi bara á nóttunni

Kolbrún Kristjánsdóttir var meðal þeirra sem dvöldu í húsi á Einarssstöðum sl. sumar og líkaði vel að verja tíma á Austurlandi. Þau voru fjögur saman, fóru austur um verslunarmannahelgina og áttu góða viku.

Að sögn Kolbrúnar voru þau heppin með veðrið. „Það var ágætis veður alla dagana og rigndi bara á nóttunni þannig að út frá því sjónarmiði hittist vel á,“ segir Kolbrún. Tækifærið var óspart notað til að skoða sig um í nágrenninu og var farið í skoðunarferðir alla dagana, bæði niður á firði og víðar. „Húsið var mjög gott í alla staði og við vorum sérlega ánægð með dvölinu,“ segir Kolbrún.



Kolbrún með ferðafélögum sínum á Skriðuklaustri, við brjóstmynd af Gunnari Gunnarssyni.

Námskeið Iðntæknistofnunar opna þér möguleika

Vinnuvélar

réttindanámskeið fyrir vinnuvélstjóra

Rannsóknarmenn

námskeið fyrir aðstoðarmenn á rannsóknastofum

Verkstjórar

námskeið fyrir starfandi og verðandi verkstjóra

Kynning og framsögn

árangursríkt fyrir alla sem þurfa að koma fram

Samningatækni

fyrir alla sem þurfa að standa fyrir máli sínu

Stofnun og rekstur smáfyrirtækja
fyrir þá sem hafa viðskiptahugmynd

Upplýsingar í sínum **570 7100** og **570 7289**
um þetta og margt fleira

Iðntæknistofnun

Keldnaholti, 112 Reykjavík
sími 570 7100, póstfax 570 7111



Hafnarstræti 92
Sími 462 1818



NORÐURORKA

VATN · RAFORKA · VARMI

undirstaða lífs, heilsu og velmegunar

www.no.is

RANGÁRVÖLLUM · PÓSTHÓLF 90 · 602 AKUREYRI

SÍMI: 460 1300 · FAX: 460 1301 · NETFANG: nordurorka@akureyri.is

FERÐASKRIFSTOFA AKUREYRAR BÝÐUR ÞÉR ÞJÓNUSTU SÍNA

- Flugfarseðlar innanlands og erlendis
- Borgarferðir, hópferðir, sólarlandaferðir
- Skipulagning ráðstefna og funda
- Árshátíðaferðir, skemmtiferðir ofl.



FERÐASKRIFSTOFA
AKUREYRAR

www.aktravel.is

Ráðhústorgi 3 - Sími 4 600 600

Vinnuvernd á Íslandi:

Leiðbeiningar fyrir erlenda starfsmenn

Tungumálaerfiðleikar valda því að margir erlendir starfsmenn á Íslandi þekkja ekki rétt sinn eða skyldur varðandi vinnuvernd. Einnig er hugtakið vinnuvernd framandi fyrir marga þeirra því að sumir hinna erlendu starfsmanna koma frá löndum þar sem vinnuvernd er lítt þróuð. Því er mikil þörf á leiðbeiningum um vinnuvernd fyrir erlenda starfsmenn. Útgáfa slíkra leiðbeininga hófst hjá Vinnueftirlitinu á síðasta ári. Félagsmálaráðuneytið veitti góðfúslega styrk til þessa kostnaðarsama verkefnis.


Sjú tungumál auk íslensku

Ljóst er að ekki er hægt að gefa út leiðbeiningar á öllum tungumálum sem töluð eru af erlendum starfsmönnum á Íslandi. Sumir hóparnir eru það fámenntir að útgáfa á viðkomandi tungumálum verður af kostnaðarástæðum að bíða betri tíma. Stærsti hópur erlendra starfsmanna er frá Póllandi og sker fjöldi þeirra sig úr miðað við aðra hópa.

Leitað var ráðgjafar til Útlendingaeftirlitsins, Vinnuálastofnunar, Hagstofu Íslands og Alþjóðahúss (áður Miðstöðvar nýbúa) við val á tungumálum og varð niðurstaðan sú að gefa leiðbeiningarnar út á sjö tungumálum auk íslensku. Ekki þótti hentugt að gefa

efnið út á öllum tungumálunum í sama ritinu og var því ákveðið að hafa ritin fjögur, þannig:

- a) á pólsku og íslensku (32 bls.)
- b) á ensku, spænsku og íslensku (51 bls.)
- c) á tælensku, víetnömsku og íslensku (51 bls.)
- d) á rússnesku, serbnesku/kroatísku og íslensku (51 bls.)



Eins og sjá má verður íslenski textinn prentaður í öllum heftunum og er það gert til að íslenskir starfsmenn geti lesið textann með erlendum starfsmönnum og verið þeim til aðstoðar við að glöggva sig á innihaldinu. Fyrstnefndu tvö heftin eru þegar komin út en síðari tvö koma út fljótlega.

Efni ritsins

Eins og gefur að skilja er ekki hægt í einni lítilli bók að gefa tæmandi upplýsingar um öll ákvæði laga, reglna og reglugerða sem gilda um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á hinum fjölmörgu, mismunandi vinnustöðum. Því var valin sú leið að greina frá þeim þáttum vinnuverndar sem snerta flesta vinnustaði og skírskota því til breiðs hóps



starfsmanna. Sem dæmi má nefna ábyrgð og skyldur atvinnurekenda, verkstjóra og starfsmanna, tilkynningu vinnuslysa, innra vinnuverndarstarf í fyrirtækjum, öryggisbúnað véla, hávaðavarnir á vinnustöðum, húsnæði vinnustaða, vinnuumhverfi þungaðra kvenna, að handleika byrðar, skjávinnu, félagslega áhættuþætti o.m.fl.

Ritið mun vonandi auka þekkingu erlendra starfsmanna á réttindum þeirra og skyldum varðandi vinnuvernd og bæta þar með vinnuaðstæður þeirra. Einnig er það von Vinnueftirlitsins að stéttarfélög, stofnanir og fyrirtæki, sem hafa erlenda starfsmenn innan sinna vébanda, notfæri sér þetta rit til að auka skilning starfsmanna á hve mikilvægt það er að stjórnendur og starfsmenn framfylgi lögum og reglum um vinnuvernd.

Hvar er hægt að fá ritið?

Hægt er að fá ritið á umdæmisskrifstofum Vinnueftirlitsins. Pólsk-íslenska ritið kostar 700 krónur en hin ritin kosta 800 krónur.

Nokkar vegalengdir í kílómetrum

	Akureyri	Borgarnes	Egilsstaðir	Höfn	Ísafjörður	Reykjavík	Selfoss	Vík
Akranes	353	38	617	493	422	49	91	220
Akureyri	1336	315	265	512	567	389	432	561
Blönduós	145	170	410	675	423	244	287	416
Borgarnes	315	1336	580	519	384	74	117	246
Bolungarvík	582	399	847	918	15	473	516	645
Breiðdalsvík	347	662	82	166	915	617	560	430
Brú, Hrótaf.	230	85	495	604	337	159	202	331
Egilsstaðir	265	580	1336	247	832	689	640	511
Flókalundur	468	267	733	786	116	341	384	513
Hellissandur	426	130	690	649	453	204	247	376
Hólmavík	344	199	609	718	224	273	316	445
Höfn	512	519	147	1346	902	459	402	273
Ísafjörður	567	384	832	922	1973	457	500	630
Reykjavík	389	74	698	459	457	1351	57	187
Selfoss	432	117	640	402	500	57	1336	129
Skaftafell	639	387	374	136	771	324	270	141
Stykkishólmur	363	98	628	617	390	172	215	345
Vík	561	246	511	273	630	187	129	1336
Þingvellir	410	95	675	447	479	49	45	174

Hvernig var fríið?

Góðir dagar í Klifabotni

Klifabotn í Lóni hefur reynst vinsæll valkostur hjá félagsmönnum Einingar-Íðju, þótt vissulega kosti það talsverðan akstur að komast á staðinn. Guðrún Antonsdóttir var meðal þeirra sem dreif sig með „stórfjölskylduna“ á suðausturhornið sl. sumar en með í för voru tvær dætur hennar sem búa á Akureyri ásamt mökum. Að auki býr þriðja dóttir Guðrúnar á Djúpavogi og hún kom að sjálfsögðu í heimsókn í bústaðinn auk þess sem farið var í heimsókn til hennar. Það voru því sannarlega viðburðaríkir dagar sem hópurinn átti þessa viku síðast í júní.



Staðurinn er mjög fallegur og aðstaðan góð, t.d. er dúkkuhús í garðinum og gufubað rétt hjá.

„Þetta var alveg óskaplega gaman allt saman. Það var að vísu frekar kalt þennan tíma þannig að krakkarnir gátu ekki verið eins mikið úti og annars hefði verið en samt held ég að allir hafi skemmt sér prýðilega. Húsið er alveg frábært og allt umhverfið sömuleiðis. Staðurinn er

mjög fallegur og aðstaðan góð, t.d. er dúkkuhús í garðinum og gufubað rétt hjá. Suma dagana ókum við um, fór-um m.a. í sund á Höfn og litum að eins upp í Lónsöræfin. Síðan var farið í göngutúra og ýmislegt brallað. Ég get svo sannarlega mælt með dvöl á þessum stað,“ segir Guðrún.

Greiðslur úr sjúkrasjóði og skattframtalið

Árlega fær fjöldi fólks greiðslur úr sjúkrasjóði félagsins, svo sem sjúkradagpeninga, endurgreiðslu á ýmsum kostnaði og fleira. Jafnvel þótt flestir hafi eflaust þegar skilað skattframtalinu skal af gefnu tilefni áréttað hvernig fara á með þessar greiðslur við útfyllingu þess.

Sjúkradagpeningar

Frá síðustu áramótum eru sjúkradagpeningar staðgreiðsluskyldir. Þeir hafa raunar verið skattskyldir til þessa en skatturinn hefur verið greiddur eftirá. Nú er staðgreiðslan dregin af við útborgun og eina leiðin til að komast hjá

því er að fólk skili skattkortum sínum inn á skrifstofu Einingar-Íðju.

Hvað varðar aðrar greiðslur úr sjúkrasjóði þá eru þær framtalsskyldar en hins vegar ekki skattskyldar ef um er að ræða endurgreiðslu á útlögðum kostnaði. Þetta á t.d. við um greiðslur fyrir sjúkrahjálfun, sjúkranudd, krabbameinsleit o.fl. Fólk fær senda launamiða frá félaginu vegna þessara greiðslna en skal gæta þess að færa þær ekki í launareitinn á skattframtalinu heldur í reit 2.9.C. Þar með eru þær ekki taldar fólki til tekna.

Starfsmaður!

Gleymdist að kjósa öryggistrúnaðarmann á þínum vinnustað?

- Þar sem vinna 10 manns eða fleiri skulu starfa **öryggistrúnaðarmaður** og **öryggisvörður**.
- Þar sem vinna 50 manns eða fleiri skal starfa **öryggisnefnd**.
- Þar sem starfa færri en 10 manns annast **atvinnurekandi** eða **verkstjóri** vinnuverndarmál í samstarfi við starfsmenn og **félagslegan trúnaðarmann**.



VINNUEFTIRLITIÐ
Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík
Sími 550 4600 - Fax 550 4610
vinnueftirlit@ver.is - www.ver.is

Öryggistrúnaðarmaður!

Öryggisvörður!

Trúnaðarmaður stéttarfélags!

Verkstjóri! Stjórnandi!

Til að auðvelda ykkur ábyrgðarmikil vinnuverndarstörf heldur Vinnueftirlitið

NÁMSKEIÐ

um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað.
Leitið upplýsinga um næsta námskeið.

Hvernig var fríð?

Vinningshafinn fór í Einarstaði

Aðalavinningurinn í jólagetraun Einingar-Íðju er jafnan dvöl í einhverju af orlofshúsum félagsins sem vinningshafi getur valið sjálfur. Það var Elfa Björk Jóhannsdóttir sem datt í lukkupottinn um jólin 2000 og hún valdi sér vikudvöl að Einarstöðum á Héraði. Þar dvaldi síðan fjölskyldan um miðjan júlí sl. sumar í góðu yfir-læti, að sögn Elfu.

Veðrið sýndi reyndar á sér ýmsar hliðar þann tíma sem dvölin stóð en Elfa segir það ekki hafa komið svo mikið að sök. „Við fórum í stuttar ökuferðir og gönguferðir um nágrennið og síðan vorum við líka mikið í bústaðnum, slöppuðum af og höfðum það huggulegt, enda húsið mjög gott og vistlegt. Svo fengum við fólki í heimsókn þannig að í heildina var þetta hin ágætasta dvöl,“ segir Elva.



Elfu Björk Jóhannsdóttir og fjölskyldu líkaði dvölin á Einarstöðum vel.



Gott að vera á Illugastöðum

Illugastaðir í Fnjóskadal eru að mörgu leyti upplagður orlofsstaður fyrir þá sem búa í Eyjafirði, ekki síst þar sem dvölin útheimtir ekki langan akstur. Kristín Jónsdóttir dvaldi eina viku á Illugastöðum í ágúst sl. með fjögurra manna fjölskyldu sinni og var ánægð með þann tíma.

„Okkur fannst mjög gott að vera þarna og húsið var mjög fínt. Yngsti fjölskyldumeðlimurinn var bara nokkurra mánaða þegar þetta var og því varð að haga dagskránni dálítið í samræmi við það. Við fórum mikið út að labba og líka í sund. Við fórum líka aðeins út að keyra, m.a. til Húsavíkur. Annars reyndum við mest að taka lífinu með ró og slappa af og það tókst bara vel,“ segir Kristín.

Fyrsta ferðin en ekki sú síðasta

„Þetta var mjög góð ferð að öllu leyti,“ segir Karl Steingrímsson en hann var meðal þeirra sem fóru í fjallaferð Einingar-Íðju sl. sumar. Sem kunnugt er var m.a. farið í Kverkfjöll, Öskju, ekið um Gæsavatnaleið í Laugafell og þaðan niður í Skagafjörð.

„Veðrið var kannski ekki alveg upp á það besta tvo fyrri dagana en samt allt í lagi. Okkur hjónunum þótti mjög gaman

að koma á alla þessa staði og alveg meiriháttar að gista í Laugafelli þar sem við gátum látið ferðapreytuna líða úr okkur í heitri lauginni. Þau sem komu að skipulagningu og stjórnun ferðarinnar stóðu sig líka öll með sóma, svo maður tali nú ekki um Svenna bílstjóra, og hópurinn var mjög skemmtilegur,“ segir Karl. Hann segir þetta hafa verið sína fyrstu ferð með Einingu-Íðju en örugglega ekki þá síðustu.



Úr fjallaferð Einingar-Íðju sl. sumar en hér hefur verið að á Gæsavatnaleið.

Internetið geymir fróðlegar og gagnlegar upplýsingar fyrir sumarfríið

Þeir sem hafa aðgang að Internetinu geta orðið sér út um margvíslegan fróðleik tengdan ferðalögum, jafnt innanlands sem utan. Kjörrið er að nota Internetið til að kynna sér það svæði sem dvalið verður á í sumarfríinu og kynna sér markverða staði. Við skulum líta á nokkur dæmi um íslenskar heimasíður sem nýst gætu félagsmönnum Einingar-Iðju sem hyggja á ferð um landið í sumar.

Almennar upplýsingarsíður um ferðalög á Íslandi eru fjölmargar og hér verða aðeins nefnd örfá dæmi. Íslandsvefurinn á slóðinni www.islandsvefurinn.is og ferðavefurinn www.visit.is eru báðir stútfullir af upplýsingum og sama má segja um www.iceturist.is sem er á vegum Ferðamálaráðs Íslands, www.nat.is og www.travelnet.is. Fólki er bent á að á flestum svona síðum má finna vísanir í aðrar heimasíður og er sjálfsagt að skoða þá lista.

Síður um einstaka landshluta

Fyrir þá sem ætla í síðsumarferð Einingar-Iðju um Vestfirði er vert á benda á vefinn www.hornstrandir.is. Vefnum er haldið úti af fyrirtæki sem býður ferðir um Hornstrandir og þótt hann geymi ekki mikinn fróðleik um svæðið er á honum ágæt undirsíða með tengingum á aðra vefi sem fjalla um Hornstrandir. Á slóðinni www.west.is eru heilmiklar upplýsingar um Vestfirði en sá vefur er bara á ensku.

Austurland er vinsæll valkostur á



sumrin og fjölmargir dvelja t.d. í orlofshúsum Einingar-Iðju á Einarstöðum. Þarna er www.austurland.is kjör-

inn vefur til að skoða og einnig www.southeast.is. Þá er www.south.is upplýsingavefur um Suðurland og einnig www.sudurland.net.



Hagnýtar upplýsingar

Flestir fara akandi á eigin bíl í fríið og þá er vert að skoða vef Umferðaráðs, www.umferd.is, vef Vegagerðar ríkisins á slóðinni www.vegag.is og Veðurstofu Íslands sem er með veffangið www.vedur.is. Svona væri í raun hægt að halda lengi áfram en hér verður látið staðar numið að sinni. Þó er í lokin bent á íslensku leitarsíðuna www.leit.is sem er ágætur upphafspunktur þeirra sem leita eftir fróðleik um Ísland á Internetinu.



Veldu trausta framtíð

Lífeyrissparnaður Sparisjóðsins er hagkvæm sparnaðarleið til að tryggja tekjur eftirlaunaáranna. Þú getur valið á milli þriggja leiða Lífsvals eftir því sem þér hentar best.


Sýndu fyrirhyggju og mættu starfslokum brosandi.

Horfðu fram á við og njóttu stuðnings Sparisjóðsins til að ná settu markmiði.

Taktu ákvörðun núna - það er auðvelt að byrja.

Komdu í heimsókn í næsta Sparisjóð eða kíktu á www.spar.is.





Fermingargjöf er framtíðarsjóður

Gjafabréf
Stofnun eða innlegg á
Framtíðarreikning er tilvalin
fermingargjöf. Íslandsbanki
býður sérstök gjafabréf fyrir
Framtíðarreikning.

Stofnun Framtíðarreiknings Íslandsbanka er leið til að gefa fermingarbörnum gott veganesti út í lífið því reikningurinn ber hæstu vexti sem í boði eru í bankanum á hverjum tíma. Þér er í sjálfsvald sett hversu oft þú leggur inn á reikninginn og hversu mikið í hvert skipti, en með tímanum safnast dágóður sjóður sem barnið getur notað til að láta framtíðardrauma sína rætast. Í útibúum Íslandsbanka færðu fallegt gjafakort sem án efa mun gleðja barnið á fermingardaginn.

- Hæstu vextir á innlánsreikningi
- Hámarksöryggi
- Verðtrygging
- Sveigjanleiki
- Laus við 18 ára aldur
- Engin lágmarksinnborgun
- Þú getur lagt inn reglulega eða þegar þér hentar
- Gjafabréf í öllum útibúum Íslandsbanka

Kynntu þér kosti Framtíðarreiknings nánar í næsta útibúi Íslandsbanka eða hringdu í Símapjónustu Íslandsbanka 5 75 75 75.

FRAMTÍÐAR 
REIKNINGUR ÍSLANDBANKA
– börnin fá bestu vextina!


ÍSLANDBANKI